

Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands, mánudaginn 24. Mars 2025

Fundarstaður: Starfsstöð SHS, Skútuhrauni 6 – einnig haldin í gegnum zoom

Dagskrá fundar

1. Fundur settur kl. 17:10

- Fundarstjóri: Hjörtur Oddsson
- Fundarritari: Karítas Gunnarsdóttir

2. Ársskýrsla kynnt – Hjörtur Oddsson

- Markmið EÍ kynnt
- Verkefni endurlífgunarráðs á starfsárinu
 - EÍ átti fulltrúa í nefnd um Kortlagningu sjálfvirkra hjartastuðtækja [Skýrsla starfshóps gefin út í september 2024](#)
 - Unnið að því að breyta neyðarsímanúmer á LSH í 2222 eins og tíðkast víðsvegar um Evrópu. Neyðarnúmeri SAK hefur þegar verið breytt fyrir nokkrum árum.
 - Unnið að innleiðingu European Trauma Course (ETC) námskeiðsins á Íslandi – Fyrsta námskeiðið verður haldið á sjúkrahúsinu á Akureyri 2. nóvember 2025.
 - Innleiðing EÍ á námskeiðum í sérhæfðri endurlífgun nýbura (NLS) er lokið – LSH og SAK nú orðið sjálfbært með kennslu slíkra námskeiða á Íslandi
- Yfirferð yfir fjölda endurlífgunarnámskeiða á árinu
 - i. 955 manns sóttu alls 77 námskeið árið 2024
 - ii. 496 hjá LSH, 205 hjá SAK og 156 hjá Sjúkraflutningaskólanum
 - iii. Af 77 námskeiðum voru 24 endurmenntunarnámskeið. Slík námskeið eru í boði fyrir sérhæfða endurlífgun fullorðinna og barna.
 - iv. EÍ stóð að sjö námskeiðum, fimm ILS námskeið fyrir HA og hélt tvö síðustu NLS námskeiðin í innleiðingarferli þeirra námskeiða.
- Verkefni komandi starfsárs
 - Innleiðing nýrra leiðbeininga frá ERC
 - Kortlagning sjálfvirkra hjartastuðtækja – fylgja eftir vinnu starfshópsins
 - Innleiðing á ETC á Íslandi

3. Fráfarandi formaður, Hjörtur Oddson þakkar fyrir sig og fer yfir farin veg

4. Ársreikningur ráðsins kynntur og lagður fram – Karítas Gunnarsdóttir

- Hagnaður ráðsins var um 700.000 á síðasta ári
- Samþykktur með meirhluta atkvæða, engin mótmæli

5. Hækkun á árgjaldi EÍ í 2500 kr.

- Stjórn Endurlífgunarráðs leggur til að árgjald EÍ verði hækkað úr 2100 kr. í 2500 kr. fyrir árið 2026
- Samþykkt með meirihluta atkvæða, engin mótmæli

6. Einstaklingar í framboði kynntir – Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir

- Í framboði voru
 - Bergur Ingi Geirsson
 - Bergþór Steinn Jónsson
 - Elma Rún Ingvarsdóttir
 - Geir Hirlekar
 - Hildur Ey Sveinsdóttir
 - Hildur Vattnes
 - Hrólfur Brynjarsson
 - Jónas Godsk Rögnvaldsson
 - Karen Sif Vilhjálmsdóttir
 - Karítas Gunnarsdóttir
 - Kristján Sigfússon
 - Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir
- Aðilar í fráfarandi stjórn sem buðu sig ekki áfram
 - Hjörtur Oddsson
 - Ilmur Dögg Níelsdóttir
 - Sesselja H. Friðþjófsdóttir
 - Valgerður Hermannsdóttir

7. Rafræn kosning og talning atkvæða – Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir

- Einungis meðlimir sem hafa greitt árgjald hafa kosningarétt og fengu sendan atkvæðaseðil í tölvupósti – 32 meðlimir nýttu sér kosningaréttinn.

8. Ný stjórn EÍ kynnt – Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir

- Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn til tveggja ára
 - Bergþór Steinn Jónsson
 - Elma Rún Ingvarsdóttir
 - Geir Hirlekar
 - Hildur Ey Sveinsdóttir
 - Hildur Vattnes
 - Hrólfur Brynjarsson
 - Karitas Gunnarsdóttir
 - Kristján Sigfússon
 - Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir

9. Önnur mál

- Meðlimir í EÍ eru um 45 talsins og rætt var um á fundinum að reyna að fjölga þeim. Hvetja leiðbeinendur til að skrá sig. Skráðir leiðbeinendur eru nú 132, þó ekki allir virkir.

Fundi slitið kl. 18:30